

Dags eftirlits	26.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar frágang á geymslusvæði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olfubirgðastöð rekstraraðila við Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 3.400 m³ af bensíni í einum geymi og allt að 3.800 m³ af díselolíu, lífdísilolíu og gasolíu í tveimur geymum. Auk þess er gert ráð fyrir rekstri löndunarbúnaðar við löndunarbryggju og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Ótakmarkað gegnumstreymi bensíns er heimilt í stöðinni.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Eitt frávik kom fram við fyrra eftirlit ársins er varðar þykktarmælingar á tveimur geymum. Niðurstöður mælinga á geymunum bárust eftirlitsaðila þann 17. maí sl. og hefur áframhaldandi notkun geymanna verið samþykkt af hálfu eftirlitsaðila. Ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti er varðar að uppfæra þarf öryggisblöð í stöðvarhúsi. Öryggisblöðin hafa verið uppfærð og eru aðgengileg bæði á rafrænu svæði rekstraraðila sem og útprentuð í stöðvarhúsi.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá síðasta eftirliti. Utanumhald skráninga og reglubundið eftirlit í stöðinni er í góðum farvegi og engar athugasemdir gerðar þar um. 1.800L Skolgeymir við stöðina sem settur hafði verið upp innan lekavarnarþróar, fyrir síðasta eftirlit er nú komin í notkun. Hann er notaður til tæmingar á lögnum flutningsbíla á milli áfyllinga. Um 15-50L af olíufnum liggja í lögnum bílanna eftir tæmingu og er því tappað af þegar skipt er á milli bensíns og díselolíu á flutningsbílunum. Reglulega er fylgst með geyminum og fara aftöppunarefnin til endurvinnslu í Örfirisey. Undantöppun geyma er sett á brúsa og færð til endurvinnslu.

Landað er inn í stöðina á um 5 vikna fresti. Olíudreifing sér um löndun olíu fyrir rekstraraðila og fylgir þar viðurkenndum gæðastöðlum og eigin verklagsreglum. Olíudreifing ber ábyrgð á löndun olíu frá höfn og upp að geymi.

Geymar G003A og G001B voru botnþykktarmældir og segulviðskannaðir 19. og 27. apríl sl. og áframhaldandi notkun þeirra samþykkt af eftirlitsaðila. Mælingar á útblásturslofti bensíngeymis voru gerðar þann 7.-8. september sl. og voru mælingarnar innan marka starfsleyfisins eða <1 gr/Nm³/klst og var gufuendurnýtingabúnaðurinn þjónustaður og yfirfarinn um leið.

Olíuskiljurnar voru tæmdar og sandföng hreinsuð af Hreinsitækni þann 11. september 2020 en hafa ekki

verið tæmdar síðan og er lítið álag á skiljunum. Eru þær yfirfarnar og magn olíu í þeim mælt mánaðarlega. Búið er að tengja viðvörunarbúnað í skiljurnar skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Rekstrarhandbók var yfirfarin í eftirliti og var þar að finna öll þau göng sem krafist er skv. gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi. Skráningar voru góðar og hafa verið bættar til muna frá fyrri eftirlitum. Starfsleyfið var til staðar í rekstrarhandbók sem og umhverfismarkmið og afrit af tryggingaskírteini sem og þær áætlanir sem krafist er skv. starfsleyfi.

Engin spilliefnaúrgangur fellur til í stöðinni en starfsmenn Olúdreifingar taka með sér olíublautar mottur og tuskur ef við á. Annar úrgangur fer til skrifstofu og í sameiginlegan úrgang þar.

Gengið var um stöðina og geymslusvæði utan lekavarnarpróar og það skoðað. Stöðin er snyrtileg á að líta en huga þarf betur að frágangi á geymslusvæði. Myndavélakerfi með hreyfiskynjara er á svæðinu og sjálfvirkur viðvörunarbúnaður er til staðar sem gerir starfsmönnum viðvart ef eitthvað óeðlilegt er í gangi varðandi geymana. Hlið stóð læst er komið var að stöðinni og girðingar eru heilar að sjá.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar olútunnur og geyma á geymslusvæði utan lekavarnarpróar. Nokkuð er um gamla efnabamba, járntunnur og brúsa sem þarf að yfirfara og fullvissa um að ekki séu olíuleifar í þeim sem lekið geta niður. Hugsa þarf einnig að frágangi á geymslusvæði.

ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila verðandi starfsemina og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Viðstaddir eftirlitið voru fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnafjarðar og - Kópavogs og Bjarki Kristjánsson frá Mannvit.

Reykjavík, 19.11.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir